

Fundargerð 98. fundar stjórnar SSNV, 12. september 2023.

Mánudaginn 12. september 2023 kom stjórn SSNV saman til fundar á Teams. Hófst fundurinn kl. 09.30.

Mætt voru: Guðmundur Haukur Jakobsson, Vignir Sveinsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, Friðrik Már Sigurðsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Einar E. Einarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Nýtt samstarfsverkefni með Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Landsvirkjun.
2. Uppbyggingarsjóður Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.
3. Haustfundur atvinnuþróunarfélaganna.
4. Áfanga- og markaðsstofa Norðurlands.
5. Fundargerðir lagðar fram til kynningar.
6. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Afgreiðslur

- 1. Nýtt samstarfsverkefni með Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Landsvirkjun.**
Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur og yfirmaður nýsköpunar hjá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti kynnti drög að samstarfi milli SSNV, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Landsvirkjunar. Stjórn samþykkir að umræða skuli tekin á samningastig og er spennt fyrir framhaldinu.
- 2. Uppbyggingarsjóður Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.**
Sveinbjörg Pétursdóttir starfsmaður SSNV kom til fundar við stjórn og fór yfir úthlutunarreglur og verkferil. Dagsetningar samþykktar. Úthlutunarsjóður opnar 26. september 2023 og lokadagur umsókna er 1. nóvember 2023.
- 3. Haustfundur atvinnuþróunarfélaganna**
Haustfundur atvinnuþróunarfélaga verður haldinn í Keflavík 1. nóvember nk. Starfsfólk samtakanna sækir fundinn í samræmi við umræður.
- 4. Áfanga- og markaðsstofa Norðurlands**
Áfanga- og markaðsstofa Norðurlands, umræða, samningar og nálgun. Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá samningum fyrir hönd stjórnar og gæta samstarfs og hagsmuna landshlutans.
- 5. Fundargerðir lagðar fram til kynningar.**
Stjórn SSH, 11. ágúst 2023. [Fundargerðin.](#)
Stjórn SSH, 7. september 2023. [Fundargerðin.](#)
Stjórn SSV, 23. ágúst 2023. [Fundargerðin.](#)
- 6. Skýrsla framkvæmdastjóra.**
Fréttir af starfsemi og staða verkefna. Skýrsla framkvæmdastjóra er flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:44

Guðmundur Haukur Jakobsson, Vignir Sveinsson, Friðrik Már Sigurðsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, Katrín M. Guðjónsdóttir.